



## Leiðbeiningar um meðferð dýra vegna MPX (áður apabóla)

Það er vitað að ýmis villt dýr eru móttækileg fyrir MPX sýkingunni, sér í lagi apar og nagdýr. Hins vegar eru litlar heimildir til um MPX veirusýkingu í búfánaði eða gæludýrum, fyrir utan örfá tilfelli í hundum. Það er því ekki hægt að útiloka að gæludýr og önnur dýr sem eru í náinni snertingu við fólk með MPX sýkingu smitist. Af þessum sökum, og vegna þess að veirur geta sest í feld dýranna og þau þannig borið smitið með sér, er ráðlagt að sýktir einstaklingar haldi sig frá dýrum.

### Leiðbeiningar um umönnun gæludýra sýktra einstaklinga

- Takmarka skal, eins og kostur er, snertingu við dýrin á meðan á einangrun stendur.
- Þvo skal hendur fyrir og eftir umhirðu dýranna, vera í fatnaði sem hylur húð og nota andlitsgrímu og hanska.
- Heimilt er að fara út að ganga með dýrin í taumi eða sleppa þeim í lokaðan einkagarð við heimilið, með því skilyrði að fjarlægð sé haldið frá öðrum dýrum og fólki.
- Ef aðrir taka að sér að fara út með gæludýr eða sinna þeim inni á heimili sýktra einstaklinga, skulu þeir gæta persónulegra sóttvarna (andlitsgrímur, hanskar og sérstakur hlífðarfatnaður).
- Ef dýrunum er komið fyrir í vist annars staðar, skulu þau böðuð sem fyrst eftir komu á staðinn og þau sem sjá um umönnun þeirra skulu viðhafa smitgát fyrstu þrjár vikurnar.
- Eigendur og umönnunaraðilar þurfa að vera vakandi fyrir sjúkdómseinkennum í dýrum sínum, svo sem hita, lystarleysi, rennsli úr augum, öndunarfæraeinkennum og útbrotum á húð, með eða án kláða. Þó skal tekið fram að sýking af völdum MPX veiru hefur hingað til hvergi greinst í hundum og köttum.
- Komi veikindi upp eða ef dýr slasast þannig að nauðsynlegt reynist að leita til dýralæknis, skal viðkomandi dýralæknir upplýstur í síma um að eigendur dýrsins séu sýktir þannig að hann geti gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir áður en hann tekur dýrið til skoðunar.
- Dýr sem hafa verið á heimili sýktra einstaklinga skulu böðuð vandlega þegar einangrunartíma lýkur.

### Leiðbeiningar um umhirðu búfjár sýktra einstaklinga

- Takmarka skal eins og kostur er snertingu við dýrin á meðan á einangrun stendur.
- Þvo skal hendur fyrir og eftir umhirðu dýranna, vera í fatnaði sem hylur húð og nota andlitsgrímu og hanska.
- Eigendur og umönnunaraðilar þurfa að vera vakandi fyrir sjúkdómseinkennum í dýrum sínum, svo sem hita, lystarleysi, rennsli úr augum, öndunarfæraeinkennum og útbrotum á húð, með eða án kláða. Þó skal tekið fram að sýking af völdum MPX veiru hefur hingað til hvergi greinst í búfé.
- Komi veikindi upp eða ef dýr slasast þannig að nauðsynlegt reynist að leita til dýralæknis, skal viðkomandi dýralæknir upplýstur í síma um að eigendur dýranna séu sýktir þannig að hann geti gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir áður en hann tekur dýrin til skoðunar.

## Nánari upplýsingar

- WHO Monkeypox: <https://www.who.int/news-room/fact-sheets/detail/monkeypox>
- Iowa CFSPH WOAHC factsheet on Monkeypox:  
<https://www.cfsph.iastate.edu/Factsheets/pdfs/monkeypox.pdf>
- CDC Monkeypox: <https://www.cdc.gov/poxvirus/monkeypox/index.html>
- ECDC risk assessment:  
<https://www.ecdc.europa.eu/sites/default/files/documents/Monkeypox-multi-country-outbreak.pdf>
- WOAHC Technical disease card on Infection with Pox viruses (other than those listed by the WOAHC): <https://www.oie.int/app/uploads/2022/02/pox-viruses-other-than-those-listed-by-the-oie-infection-with.pdf>